

NIUNDA ÁRSPING KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS.

Var haldið laugardaginn 1. nóvember í Hótel Loftleiðir,
Reykjavík. Hófst þingið kl. 1.30. (1969)

Þetta gerðist:

Þingsetning:

Formaður KÍÍ setti þingið með nokkrum ávarpsorðum og bauð þingfulltrúa velkomna til þinghalds.

Kosning starfsmanna þingsins.

Þingforseti var kjörinn Hermann Guðmundsson og tók hann við stjórn þingsins. Þingritarar voru kjörnir þeir Helgi Ágústsson og Donald Ráðer.

Kosning fastanefnda þingsins:

a) Kjörbréfanefnd:

Ólafur Geirsson
Magnús Sigurðsson
Ingi Gunnarsson

b) Fjárhagsnefnd:

Magnús Sigurðsson, formaður
Magnús Sigurðsson, HSK
Kristinn Magnússon

c) Lagá- og leikreglanefnd:

Einar Bollason, formaður
Jón Eysteinnsson
Sigurður Már Helgason

d) Allsherjarnefnd:

Ingvar Sigurbjörnsson, formaður
Guðmundur Hallgrímsson
Gústaf Sæland

Skýrsla fráfarandi stjórnar:

Formaður KÍÍ Bogi Þorsteinsson, flutti skýrslu fráfarandi stjórnar, en skýrsla þessi lá prentuð fyrir fundarmönnum og vísast til hennar. Einnig bætti hann þar ýmsu við, til frekari skýringar á máli sínu. Bogi las síðan skýrslur nefnda KÍÍ, sem störfuðu á árinu.

Skýrsla blaðanefndar:

Þessi nefnd er ný af nálinni og er árið 1969 fyrsta árið sem nefndin starfar. Bogi benti á, að blaðafréttum og fréttum af körfuknattleik yfirleitt hefði verið mjög ábótavant fram til þessa, en blaðanefndin hefði gert marga til að bæta úr því.

Skýrsla laga- og leikreglanefndar:

Skýrsla Landsliðsnefndar:

Með þessari skýrslu fylgdi frásögn færarstjóra landsliðsins, sem þátt tók í undanrás Evrópumóts landsliða, sem fram fór í Stokkhólmi 9.-13. maí,

Skýrsla útbreiðslunefndar:

Skýrsla unglínganefndar:

Allar þessar skýrslur voru prentaðar og all ýtarlegar og vísast í þær. Í skýrslu stjórnar voru einnig töflur yfir úrslit leika í Íslandsmóti.

Bogi sagði síðan frá vantanlegri heimsókn Standard Liege á komandi ári. Einnig ræddi hann ýmis vandamál sambandsins, fyrst og fremst fjárhagsörðugleika og skort á starfsmönnum.

Bogi Þorsteinsson lauk máli sínu með því, að þakka mönnum samstarfið á s.l. 10 árum, en hann létur nú af störfum eftir áratugs starf sem formaður.

Álit kjörbréfanefndar:

Kjörbréfanefnd hafði setið á rökstólum og skilaði álitinu sínu. Hafði Ólafur Geirsson orð fyrir nefndinni. Kvað hann nefndina leggja til að kjörbréf eftirtalinna fulltrúa yrðu samþykkt:

Frá Körfuknattleiksráði Akureyrar:

Ólafur Geirsson

Frá Héraðssambandinu Skarphéðinn:

Gústaf Sæland
Magnús Sigurðsson
Þórður Sigurðsson
Birkir Þorkelsson

Frá Íþróttabandalagi Suðurnesja:

Ingi Gunnarsson
Gunnar Þorvarðarson
Práinn Sigurbjörnsson
Bogi Þorsteinsson

Varafulltrúar:

Guðjón Helgason
Kristbjörn Albertsson
Jón Eysteinnsson

Frá Ungmennasambandi Kjalarnesbings:

Kristinn Magnússon
Donald Jóhannesson

Frá Íþróttabandalagi Akraness:

Jóhann Jóhannsson
Þröstur Kristjánsson

Varafulltrúi:

Indriði Valdimarsson

Frá Körfuknattleiksráði Reykjavíkur:

Ástbjörn Egilsson	Einar Bollason
Helgi Ágústsson	Hólmsteinn Sigurðsson
Guðmundur Hallgrímsson	Ingvar Sigurbjörnsson
Helgi Sigurðsson	Þorsteinn Hallgrímsson
Birgir Örn Birgis	Grímur Valdimarsson
Sigurður Helgason	

Skýrsla gjaldkera:

Magnús Sigurðsson, gjaldkeri KKÍ las reikninga sambandsins og skýrði einstaka liða þeirra. Reikningarnir voru prentaðir og fylgdu skýrslu stjórnar. Vísast til þeirra. Einnig las Magnús upp nokkuð af útistandandi skuldum og skýrði þær, var þar mestmegnis um að ræða gjöld vegna þátttöku í mótum. Taldi Magnús að bezta ráðið til að losna við þessa tegund af skuldum væri það, að neita félögum um þátttöku, greiði þau ekki þátttökugjöld.

Umræður um skýrslu fráfaraandi stjórnar og reikningana:

Helgi Sigurðsson reifaði nokkuð leið í sambandi við þátttökugjöld í mótum. Hugmynd hans var, að láta leikmenn sjálfa greiða gjöld til þátttökuréttar. Leit Helgi svo á, að með þessu fengjust menn til að bera meiri virðingu fyrir mótum almennt.

Sigurður Helgason áleit, að betri leið væri að láta félögin greiða þátttökugjöld um leið og þátttökutilkynning væri send, að öðrum kosti dæmdist félagið frá keppni í mótum.

Hólmsteinn Sigurðsson greindi frá því, að meiningin væri að senda út rukkun til félaganna fyrir Íslandsmótið 1970 og verði hún eigi greidd fyrir einhvern tilgreindan tíma, yrði viðkomandi félag ekki með í mótinu.

Umræður um skýrslu og reikninga urðu ekki meiri og var skýrslan og reikningarnir samþykkt samhljóða.

Gísli Halldórsson, forseti ÍSÍ tók til mál og flutti ræðu. Í upphafi máls síns sagði hann, að styrkur til sambandsins myndi hækka um 20 þús. kr. og ennfremur, að unnið væri að því, að hækka hann enn meira. Gísli drap á ýmislegt og hrósaði starfi sambandsins. Síðan þakkaði hann Boga Þorsteinssyni vel unnin störf og um leið og hann lauk máli sínu sémði hann Boga Þorsteinsson, gullmerki ÍSÍ.

Guðmundur Þorsteinsson bað um orðið og útskýrði þjálfarastörf á vegum KKÍ.

Lögö fram fjárhagsáætlun fyrir árið 1969-'70.

Magnús Sigurðsson hafði orð fyrir stjórninni og lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 1969-'70 og var henni vísað til fjárhagsnefndar. Fjárhagsáætlunin var prentuð og lá fyrir fundinum og vísast í hana.

Laga- og leikreglnabreytingar.

Bogi Þorsteinsson flutti tillögu fráfarandi stjórnar um laga- og breytingar. Tillögurnar lágu fjölritaðar fyrir þinginu og vísast í þær. Var þeim vísað til laga- og leikreglnanefndar.

Tillögur um önnur mál:

Eftirtaldar tillögur voru lagðar fyrir þingið:

1. Við undirritaðir gerum hér með þá tillögu, að skipulagningu Íslandsmótsins I. deild verði breytt á eftirfarandi hátt:

Að loknum tveim umferðum, verða leiknir eftirtaldir leikir: Lið nr. 1 leikur 1 leik við lið nr. 4, og lið nr. 2 leikur 1 leik við lið nr. 3.

Sigurvegarar úr þessum leikjum leika síðan 3 leiki um titilinn Íslandsmeistari í körfuknattleik, og sigrar það lið sem vinnur 2 leiki.

Að sama skapi leika þau lið, sem töpuðu fyrrgreindum leikjum, 3 leiki sín á milli um 3. og 4. sæti.

Einar Bollason
Helgi Ágústsson
Jón Eysteinnsson.

2. Við undirritaðir gerum hér með þá tillögu að fjölgað verði liðum í I. deild Íslandsmótsins upp í 8. Þetta verði gert í 2 áföngum, þannig að áður en Íslandsmótið 1970 hefjist fari fram leikur milli þess liðs, sem féll niður í II. deild 1969 og þess liðs, sem varð nr. 2 í II. deild í sama móti, og færist það lið sem sigrar upp í I. deild. Samiháttur verði hafður á árið 1971.

Einar Bollason
Ingi Gunnarsson
Helgi Ágústsson.

Tillögum þessum var vísað til allsherjarnefndar.

Nefndarálit:

Að loknu þinghléi var tekinn fyrir 9. liður þingsins nefndarálitin.

Formaður fjárhagsnefndar Magnús Sigurðsson kvað nefndina mæla með fjárhagsáætluninni eins og hún lægi fyrir.

Hólmsteinn Sigurðsson flutti nokkrar skýringar með áætluninni.

Einar Bollason, gerði fyrirspurn um hvort að þjálfaralaun væru innifalín í 210 þús. kr. upphæðinni vegna Polar Cup.

Svaraði Hólmsteinn fyrirspurninni og kvað svo ekki vera.

Fjárhagsáætlunin var síðan borin undir atkvæði og samþykkt einróma.

Bogi Þorsteinsson, bauð þingfulltrúa frá Íþróttabandalagi Akraness sérstaklega velkomna, en þetta var fyrsta þing KÍ, sem þeir sitja.

Einar Bollason lagði f.h. laganefndar fram lagabreytingar og kvað nefndina sammála. Voru lagabreytingarnar lagðar fram óbreyttar og samþykktar.

Álit allsherjarnefndar:

Ingvar Sigurbjörnsson, formaður sagði nefndina berá upp tillögurnar óbreyttar.

Birkir Þorkelsson spurði hvaða lið hefði orðið nr. 2 í II. deild 1969.

Einar Bollason sagði það ekki ljóst, en stjórn KÍ ætti möguleika á, að leysa slíkt atriði.

Þorsteinn Hallgrímsson lagði til, að ekki yrði fjölgað í I. deild fyrr en árið 1971, m.a. vegna Polar Cup mótsins 1970.

Bogi Þorsteinsson studdi tillögu Þorsteins og kvað a.m.k. verða einu íþróttahúsi fleira árið 1971 þ.e. í Njarðvíkum. Taldi Bogi einnig þessa tillögu ákaflega erfiða í fræmkræmd ef hún yrði samþykkt nú, m.a. vegna Polar Cup.

Einar Bollason tók fram, að tillagan þyrfti ekki að vera bundin við næsta Íslandsmót.

Breytingartillaga við tillögu nr. 2 um fjölgun í I. deild, flutt af þeim Þorsteini Hallgrímssyni og Einari Bollasyni:

Undirritaðir gera það að tillögu sinni, að tillögu nr. 2, um fjölgun liða í I. deild, verði breytt þannig:

Í stað ártalana 1970 og 1971 komi 1971 og 1972.

Þorsteinn Hallgrímsson
Einar Bolláson.

Tillögurnar voru síðan bornar upp þannig, að tillaga nr. 1 var óbreytt, en tillaga nr. 2 með breytingatillögu Þorsteins og Einars. Og voru þær samþykktar samhljóða.

Önnur mál.

Donald Rader ræddi um vandamál körfuknattleiksmanna í Kópavogi. Talði hann að vinna ætti að því, að leyfi fengist fyrir byggingu áhorfendastæða í íþróttahúsi því, sem nú er í byggingu í Kópavogi.

Hann bað Íþróttafulltrúa ríkisins, Þorstein Einarsson, sem mættur var til þingsins, að upplýsa menn um þau sjónarmið, sem réðu stærð og gerð slíkra húsa.

Þingforseti bað Þorstein Einarsson velkominn til þingsins og gáf honum orðið,

Þorsteinn Einarsson ávarpaði þingið og tilkynnti Finna sem sigurvegara í Norrænu sundkeppninni.

Þorsteinn kvað 57 íþróttahús vera í landinu og ræddi stærð þeirra. Kvað hann ríkisstjórnina hafa mótað þá stefnu, að íþróttahús skólanna verði ekki byggð nema af tákmarkaðri stærð og áhorfendastæði séu ekki möguleg vegna kostnaðar við byggingu þeirra.

Einar Bolláson spurði hvort ríkið drægi úr styrk til íþróttafélaga, ef þau byggðu íþróttahús með áhorfendastæðum og hvort virkilega væri rétt, að stefnan væri að minnka íþróttahús.

Ástbjörn Egilsson, ávarpaði Boga Þorsteinsson og færði honum gjöf frá K.K.R.R.

Helgi Ágústsson færði Boga oddféna K.R. að gjöf frá körfuknattleiksdeild K.R.

Þorsteinn Einarsson tók til máls og svaraði fyrirspurnum. Kvað hann K.R. hafa ákveðið, að hafa ekki áhorfendastæði, en aftur á móti væru engin bönn við því, um frekari styrki til íþróttafélaga, yrði ekki, þótt byggð væru stærri hús. Þorsteinn kvað því miður stefnuna vera í þá átt, að minnka íþróttahús.

Kosningar:

Í körfuknattleiksdómstól átti að kjósa einn aðalmann og einn til vara. Einar Oddsson, sem ganga átti úr dómstólnum var endurkosinn aðalmaður og til vara var kosinn Jón Otti Ólafsson.

Var nú gengið til kosningar stjórnar K.K.f. fyrir næsta starfsár. Stungið var upp á Hólmsteini Sigurðssyni, sem formanni og var hann einróma kosinn með lófataki. Aðrir í stjórn voru kosnir: Þorsteinn Hallgrímsson, Einar Bollason, Þórir Guðmundsson og Ingvar Sigurbjörnsson.

Í varastjórn voru kosnir:

Donald Jóhannsson með 20 atkv., Guðmundur Hallgrímsson með 19 atkv. og Magnús Sigurðsson með 13 atkv.

Endurskoðendur voru kjörnir:

Gunnar Torfason og Þráinn Scheving, en til vara Helgi V. Jónsson.

Kosningu fulltrúa á næsta íþróttaping var vísað til stjórnar.

Bogi Þorsteinsson þakkaði K.K.R.R. og körfuknattleiksdeild K.R. gjafir og hlý orð í sinn garð. Hinni nýkjörnu stjórn árnaði hann allra heilla.

Hólmsteinn Sigurðsson, hinn nýkjörni formaður tók til máls. Þakkaði hann traust það, sem honum hefði verið sýnt með því, að kjósa hann formann, hann kvað mörg verkefni bíða hinnar nýkjörnu stjórnar, en kvaðst viss um að með samvinnu allra þeirra manna, sem áhuga hefðu á frægangi körfuknattleiks á Íslandi mætti sigrast á þeim.

Eftirfarandi ályktun var gerð og samþykkt á þinginu:

Niunda ársþing Körfuknattleikssambands Íslands mótmælir harðlega stefnu mennta- og fjárveitingavalds í byggingu íþróttahúsa um gjörvallt landið. Virðist þar vera um greinilega afturför að ræða og kröfum þeim, sem nútíma knattleiksíþróttir gera til slíkra húsa alls ekki fullnægt.

Að lokum tók Hermann Guðmundsson, þingforseti til máls, þakkaði hann Bogá Þorsteinssyni samstarfið á liðnum árum og kvaðst vona að þótt Bogi hætti nú sem formaður KKÍ mætti íþróttahreyfingin áfram njóta starfskrafta hans á öðrum vettvangi.

Hermann óskaði hinni nýkjörnu stjórn til hamingju með kjörið og þakkaði fulltrúum þingsetu. Hann sleit síðan 9. ársþingi KKÍ kl. 19.30.

Hermann Guðmundsson,
fundarstjóri.

Donald Rader
fundarritari.